STARFSREGLUR STJÓRNAR LANDSBRÉFA HF.

1. gr. Skipan stjórnar

1.1 Stjórn Landsbréfa skipa að lágmarki þrír aðalmenn og einn til vara, sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Meirihluti stjórnar skal vera óháður félaginu og stórum hluthöfum þess.

1.2 Formaður stjórnar er kosinn sérstaklega á aðalfundi. Þegar stjórnin kemur saman fyrsta skipti eftir aðalfund skal:

a. kjósa varaformann,
b. ákveða skipan undirnefnda og hverjir skuli vera formenn þeirra,
c. ákveða hver skuli rita fundargerðir stjórnar,
d. leggja mat á óhæði stjórnarmanna. Skulu stjórnarmenn veita fullnægjandi upplýsingar um hagi sína til að unnt sé að framkvæma þetta og mat og eins ber þeim að upplýsa um breytingar sem síðar kunna að verða á högum þeirra sem áhrif geta haft á þetta mat.

2. gr. Verksvið og verkefni stjórnar

2.1 Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Stjórn ræður framkvæmdastjóra og veitir honum lausn. Stjórnin hefur eftirlit með daglegum rekstri og fer ásamt framkvæmdastjóra með stjórn félagsins í samræmi við lög og samþykktir félagsins.

2.2 Stjórn skal fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Hér er einkum vísað til reglna Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja og Leiðbeiningum EBA (European Banking Authority) um innri stjórnarhætti.

2.3 Stjórn fylgist með að framkvæmdastjóri framfylgi ákvörðunum stjórnar í samræmi við hlutverk og markmið félagsins og skal stjórn staðfesta skipurit félagsins að fenginni tillögu framkvæmdastjóra.

2.4 Stjórn skal fylgjast með að til staðar sé fullnægjandi innra eftirlit og áhættustýring, regluvarsla, eftirlit með peningaþvætti og innri endurskoðun. Stjórn getur eftir atvikum samþykkt að útvista þessum verkefnum til aðila sem er vel hæfur til að taka að sér slík verkefni.

2.5 Stjórn skal móta áhættustefnu og áhættuvilja félagsins, setja áhættureglur og fylgjast með framkvæmd þeirra í samræmi við 23. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og 19. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Í áhættureglum skal kveðið á um heimildir til lántöku félagsins og skilgreindar heimildir og viðmið fyrir laust fé félagsins. Stjórn skal afla reglulega skýrslna um áhættustig verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta í rekstri félagsins, hvort farið hafi verið umfram takmarkanir þeirra eða hvort það sé fyrirsjáanlegt að slíkt muni gerast, til að tryggja að unnt sé að grípa skjótt til viðeigandi aðgerða og eins hafa yfirumsjón með því að vel sé fylgst með upplýsingaöryggi í rekstri félagsins í samræmi við skyldur stjórnar samkvæmt lögum n.r 78/2025, um stafrænana viðnámsþrótt fjármálamarkaðar. Stjórn skal endurskoða árlega stefnumarkmið og lykilárangursmælikvarða næstliðins árs og skilgreina stefnumarkandi verkefni félagsins á komandi starfsári. Þá skal stjórn setja reglur um varnir gegn hagsmunaárekstrum og sjá til þess að innra skipulag sé fallið til að lágmarka hagsmunaárekstra.

2.6 Stjórn og framkvæmdastjóri skulu árlega leggja mat á eiginfjárþörf félagsins í tengslum við tillögugerð fyrir aðalafund um ráðstöfun hagnaðar.

2.7 Stjórn skal meta með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu framkvæmdastjóra svo og skilvirkni undirnefnda.

2.8 Stjórn skal setja setja og/eða samþykkja reglur í samræmi við ákvæði laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórnin skal fylgjast með því að fjárfestingarstefnu sjóðanna sé fylgt eftir og hvort ávöxtunarmarkmiðum þeirra sé náð.

2.9 Stjórn tekur ekki ákvarðanir um einstakar fjárfestingar sjóða og safna sem félagið annast rekstur á. Um þær fjárfestingar taka sjóðstjórar félagsins ákvarðanir í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðanna. Framkvæmdastjóri skal gæta þess að fjárfestingar fyrir eigin reikning félagsins séu ávallt innan þeirrar fjárfestingarstefnu sem stjórn setur í áhættureglum. Ef frávik verða frá settri stefnu skal stjórn upplýst um það.

2.10 Stjórn getur falið framkvæmdastjóra að gera samning við þriðja aðila um útvistun hluta þeirra verkefna sem félagið skal sinna, að því marki sem samþykktir félagsins og lög leyfa og í samræmi við útvistunarstefnu sem stjórn setur. Þá getur stjórn veitt framkvæmdastjóra umboð til að gera samning við vörsluaðila fyrir sjóði félagsins.

2.11 Stjórn getur að fenginni heimild Fjármálaeftirlitsins gert samning við móðurfélag Landsbréfa um að það sinni innri endurskoðun fyrir Landsbréf eða eftir atvikum falið það utanaðkomandi sérfræðiaðila.

2.12 Stjórn semur erindisbréf fyrir regluvörð eða gerir samning um regluvörslu ef regluvörslu er útvistað til annars aðila sem bær er að lögum til að taka að sér regluvörslu.

3. gr. Undirnefndir stjórnar

3.1 Stjórn tekur ákvörðun um skipan undirnefnda og formennsku þeirra. Stjórn setur undirnefndum sérstakar starfsreglur þar sem hlutverk undirnefnda skal skilgreint.

3.2 Stjórn skal í heild sinni fara með hlutverk áhættunefndar að fenginni undanþágu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 78. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

4. gr. Fyrirsvar stjórnar

4.1 Formaður stjórnar er málsvari hennar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni stjórnar og þau málefni félagsins sem tengjast valdsviði og umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri kemur fram út á við fyrir hönd félagsins, í samráði við formann stjórnar eftir því sem við á.

4.2 Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra.

4.3 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins og einungis stjórn getur veitt prókúruumboð.

5. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

5.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns er varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

6. gr. Framkvæmdastjóri

6.1 Framkvæmdastjóri annast og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og í þeim efnum ber honum að fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn gefur. Framkvæmdastjóri ber ásamt stjórn ábyrgð á því að innra regluverk sé í samræmi við lög og þá starfsemi sem félagið hefur með höndum.

6.2 Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn að félaginu. Skal framkvæmdastjóri hafa samráð við stjórn um fjölda starfsmanna, svo og um ráðningu staðgengils síns í starfi. Áhættustjóra getur framkvæmdastjóri hvorki sagt upp eða flutt til í starfi nema fyrir liggi samþykki stjórnar. Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun hverjir fari með sjóðstjórn hlutdeildarsjóða í rekstri félagsins.

6.3 Þátttaka framkvæmdastjóra í annarri atvinnustarfsemi, þ.m.t. stjórnarþátttaka í félögum, er háð samþykki stjórnar. Samþykki stjórnar þarf þó ekki fyrir stjórnarsetu í sjóðum eða ábyrgaraðilum sjóða Landsbréfa.

6.4 Framkvæmdastjóri skal a.m.k. árlega leggja rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir stjórn til samþykktar og upplýsa stjórn á reglulegum stjórnarfundum um rekstur félagsins með hliðsjón af þessum áætlunum.

7. gr. Boðun og efni funda, o.fl.

7.1 Formaður stjórnar stýrir fundum stjórnar og ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins. Formaður semur dagskrá stjórnarfunda í samstarfi við framkvæmdastjóra og tekur ákvörðun um boðun þeirra.

7.2 Formaður skal árlega leggja fram starfsáætlun stjórnar fyrir viðkomandi starfsár. Skal þar koma fram hvenær fundir eru áætlaðir og hvaða dagskrárliðir eru fyrirhugaðir á hverjum fundi auk fastra og óreglulegra liða á dagskrá hvers fundar.

7.3 Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega nema í júlímánuði, eða þegar formaður ákveður. Aukafundir skulu haldnir eftir þörfum. Fundir skulu jafnan haldnir á skrifstofu félagsins. Heimilt er að stjórnarmenn taki þátt í stjórnarstörfum með rafrænum hætti á fjarfundi eða eftir atvikum símleiðis.

7.4 Á reglulegum stjórnarfundum skal að lágmarki taka fyrir eftirfarandi mál:

- fundargerð síðasta fundar;
- skýrslu framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins, sbr. grein 10.1;
- skýrslu áhættustýringar um frávik í stýringu verðbréfasjóða og sérhæfða sjóða fyrir almenna fjárfesta.

Í fundargerð skal bókað hvenær næsti fundur er fyrirhugaður og tekið fram ef um frávik er að ræða frá starfsáætlun stjórnar.

7.5 Formanni ber að kalla saman fund ef einhver stjórnarmanna, framkvæmdastjóri eða endurskoðandi krefst þess.

7.6 Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

7.7 Til stjórnarfundar skal að jafnaði boða með góðum fyrirvara í samræmi við fundaáætlun stjórnar. Formaður stjórnar getur ávallt boðað stjórn til fundar með skömmum fyrirvara telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæða. Gæta skal þess að kalla inn varamann þannig að óháðir stjórnarmenn séu ávallt í meirihluta á stjórnarfundi.

7.8 Fundarboð skal að jafnaði send í tölvupósti. Dagskrá fundar og fundargögn skulu gerð stjórnarmönnum aðgengileg sem fyrst og minnst 3 dögum fyrir fundinn í rafrænu gagnaherbergi félagsins, nema formaður ákveðið annað. Skal tryggt að allir stjórnarmenn hafi jafnan aðgang að gögnum stjórnar. Í einstökum tilfellum, eins og þegar upp koma hagsmunaárekstrar við meðferð máls, kann að verða að takmarka aðgang að gögnum sem einstök mál varða og skal þá getið um slíka aðgangstakmörkun í gerðabók stjórnar.

7.9 Ef stjórn tekur ákvörðun á milli funda skulu slíkar ákvarðanir færðar til bókar á næsta fundi stjórnar.

7.10 Stjórn skal fjalla með reglubundnum hætti um málefni þau sem lög og reglur krefjast, s.s. innra eftirlit félagsins, reikningsskil og endurskoðun. Endurskoðendur, framkvæmdastjóri og nefndarmenn endurskoðunarnefndar félagsins skulu boðaðir á viðeigandi fundi. Þá skal boða endurskoðanda á stjórnarfund ef a.m.k. einn stjórnarmaður fer þess á leit.

8. gr. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

8.1 Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við reglur þessar. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka, sé þess kostur, án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

8.2 Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þess. Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega, studd gögnum og talnaefni ef við á.

8.3 Óski stjórnarmenn að taka upp einstök mál skulu þeir snúa sér til stjórnarformanns eða framkvæmdastjóra, en ekki annarra starfsmanna félagsins, og óska eftir því að málið verði tekið upp á stjórnarfundi.

8.5 Einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri geta krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt eða gögn afhent telji þeir viðkomandi stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls. Rísi ágreiningur um ákvörðun um slíka kröfu ræður meirihluti stjórnar.

8.6 Fara skal með allar umræður og ákvarðanir stjórnar sem trúnaðarmál í hópi stjórnarmanna og starfsmanna og ekki skal opinberlega greina frá sjónarmiðum einstakra stjórnarmanna eða niðurstöðu í kosningu um einstök mál, nema stjórnin ákveði annað.

9. gr. Fundargerðir, varðveisla og rafrænt gagnaherbergi

9.1 Formaður stjórnar skal sjá til þess að rituð sé fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.

9.2 Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:

- Nafn og kennitala félagsins.
- Númer fundar.
- Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
- Hverjir sitja fundinn og hver stýri honum.
- Hvort og þá hvenær utanaðkomandi aðilar koma inn á stjórnarfundi og hvenær þeir fara út af fundum.
- Dagskrá fundarins.
- Stutta skýrslu um umræður.
- Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
- Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn.

- Hver ritað hafi fundargerðina.
- Gögn sem dreift er til stjórnarmanna skulu talin upp.
- Hvort og hvers vegna stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða annar víkur af fundi við umræðu eða ákvörðun dagskrárliðar og hvort viðkomandi hafi haft aðgang að gögnum vegna umræðu eða ákvörðunar.

9.3 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.

9.4 Fundargerð skal rituð af fundarritara og skal gerð aðgengileg stjórnarmönnum í rafrænu gagnaherbergi stjórnar vistuð meðal gagna fyrir næsta stjórnarfund þar sem hún skal borin upp til samþykktar. Fundargerð skal undirrituð af stjórn, framkvæmdastjóra og þeim sem fundargerð ritar. Fundargerðir teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum. Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir þann stjórnarfund sem fundargerð tekur til skulu staðfesta að þeir hafi kynnt sér fundargerðina með undirritun sinni. Undirritaðar fundargerðir skulu vistaðar meðal gagna félagsins og skulu stjórnarmenn ávallt geta fengið aðgang að þeim.

9.5 Stjórnin skal hafa aðgang að rafrænu gagnaherbergi þar sem öll skjöl er varða stjórnina, störf hennar og ákvarðanir, skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Fyllsta öryggis skal gæta varðandi aðgangsstýringar að gögnum stjórnarinnar.

10. gr. Upplýsingagjöf

10.1 Framkvæmdastjóri skal á hverjum reglulegum stjórnarfundi gera stjórn grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins frá síðasta fundi stjórnar. Kannað hálfsársuppgjör skal lagt fyrir stjórn eigi síðar en í lok ágúst ár hvert. Endurskoðuðu ársuppgjöri skal lokið í apríl ár hvert. Endurskoðendur félagsins skulu vera viðstaddir kynningu á hálfs- og ársuppgjöri. Stjórn skal ákveða hversu oft framkvæmdastjóri leggur fram milliuppgjör.

10.2 Stjórn getur á fundum krafið framkvæmdastjóra um upplýsingar og gögn sem stjórn eru nauðsynleg til að stjórn geti sinnt verkefnum sínum.

10.3 Upplýsingar frá framkvæmdastjóra og undirnefndum til stjórnar þurfa að vera á því formi og af þeim gæðum sem stjórn ákveður. Upplýsingar og gögn skulu vera aðgengileg stjórnarmönnum tímanlega fyrir stjórnarfundi, og á milli þeirra, og skulu allir stjórnarmenn fá sömu upplýsingarnar. Upplýsingar skulu vera eins uppfærðar og nákvæmar og unnt er hverju sinni.

11. gr. Hagsmunatengsl og vanhæfi

11.1 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar viðskipti náinna fjölskyldumeðlima þeirra. Sama gildir ennfremur um mál er varða samkeppnisaðila stjórnarmanna eða samkeppnisaðila náinna fjölskyldumeðlima þeirra.

11.2 Ef stjórnarmaður telst vanhæfur til meðferðar máls skal hann ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu þess máls. Enn fremur skal hann víkja af fundi við umræður og afgreiðslu málsins. Formaður stjórnar getur ákveðið að einstakir stjórnarmenn geti ekki fjallað um mál vegna vanhæfis. Jafnframt getur framkvæmdastjóri og einstakir stjórnarmenn, ákveðið að einstakir stjórnarmenn, þar með talinn formaður stjórnar, geti ekki fjallað um mál vegna vanhæfis. Verði ágreiningur um vanhæfi stjórnarmanns ræður meirihluti stjórnar. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum.

11.3 Reglur Landsbréfa um hagsmunaárekstra gilda um stjórn eftir því sem við getur átt og er þar meðal annars kveðið á um eftirlit með viðskiptum félagsins við stjórnarmenn og venslaða aðila þeirra.

12. gr. Gerð og undirritun ársreiknings o.fl.

12.1 Framkvæmdastjóri semur drög að ársreikningi.

12.2 Ársreikningur félagsins skal lagður fyrir stjórn til afgreiðslu og skal stjórn ásamt framkvæmdastjóra undirrita ársreikninginn enda telji hún að hann gefi rétta mynd af starfsemi félagsins og fullnægjandi skýringar hafi fengist á öllum atriðum hans. Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að hluthafar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

12.3 Stjórn skal sjá til þess að árlega sé birt yfirlýsing um stjórnarhætti félagsins fyrir nýliðið starfsár sem fylgja skal ársreikningi félagsins.

12.4 Ársreikningur skal lagður fyrir aðalfund til samþykktar.

13. gr. Breytingar á starfsreglum stjórnar

13.1 Einungis stjórn getur gert breytingar á reglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar. Reglurnar skulu yfirfarnar a.m.k. árlega.

14. gr. Varsla og meðferð

14.1 Frumrit reglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan geyma með fundargerðum félagsins.

14.2 Þeir sem eiga sæti í stjórn við setningu reglna þessara skulu undirrita frumrit þeirra. Ef stjórn samþykkir breytingar á reglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar reglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestu.

14.3 Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og endurskoðendur félagsins skulu hafa aðgang að þessum reglum og samþykktum félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

Þessar starfsreglur stjórnar Landsbréfa hf. voru settar á fundi stjórnar Landsbréfa hf. þann 24. júní 2026 og koma í stað eldri reglna um sama efni. Reglurnar eru settar með hliðsjón af Leiðbeiningum EBA um innri stjórnarhætti frá 2. júlí 2021 og koma þær leiðbeiningar reglunum til fyllingar eftir því sem við getur átt.